



Nefndasvið Alþingis
b.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 19. október 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, 6. mál.

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015 (skilyrði um heildarjöfnuð og skuldahlutfall), 6. mál.

Ríkisfjármálin nýtt til að verja lífskjör og veita viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið
Samtök iðnaðarins hafa í umsögnum um þingsályktun um breytingar í fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2021 og tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025 lýst ánægju sinni með þær fyrirætlanir stjórnvalda að nýta þau tækifæri sem góð staða ríkissjóðs gefur til að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga til að verja lífskjör og veita viðspyrnu fyrir nýtt hagvaxtarskeið. Samtökin eru einnig ánægð með þær áherslur sem birtast í bæði fjárlagafrumvarpinu og fjármálaáætluninni á nýsköpun, innviði, menntun og starfsumhverfi fyrirtækja sem eru lykilbættir sterkrar samkeppnishæfni og aukinnar framleiðni. Með því að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga og með réttum áherslum er hægt að gera tímabil númerandi niðursveiflu eins stutt og mögulegt er og tryggja að hagkerfið rísi aftur upp með kröftugum hætti.

Samtök iðnaðarins eru fylgjandi því, sem er meginnefni frumvarpsins um breytingu á lögum um opinber fjármál, að láta skilyrði laganna um heildarjöfnuð og skuldahlutföll hins opinbera, svonefndar tölulegar fjármálareglur, ekki gilda fyrir árin 2023-2025. Fullt tilefni er til þessara breytinga vegna þeirra aðstæðna sem nú hafa skapast í íslensku efnahagslífi vegna heimsfaraldurs kórónuveirunnar. Opinber fjármál spila lykilhlutverk í hagstjórnarviðbrögðum við þeirri miklu efnahagsvá sem heimsfaraldurinn er fyrir íslenskt efnahagslíf. Þörf er á því að víkja til hliðar tölulegum fjármálareglum laganna þannig að hægt sé að nýta þetta mikilvæga hagstjórnartæki sem best við númerandi aðstæður. Með breytingunum má nýta ríkisfjármálin til að tryggja meiri stöðugleika í efnahagsmálum sem er eitt af grunngildum fjármálastefnu og fjármálaáætlunarinnar líkt og tilgreint er í lögum um um opinber fjármál.



Samtök iðnaðarins eru fylgjandi þeim breytingum sem gerðar voru á þingsályktun um fjármálastefnu stjórnvalda fyrir árin 218-2022 í september sl. þar sem ný markmið um afkomu- og skuldaþróun endurspegluðu ásetning stjórnvalda að beita ríkisfjármálum til að draga úr niðursveiflunni og skapa kröftuga viðspyrnu. Álitaefni er hins vegar að mati SI hvort þau tölusettu viðmið sem þar voru sett gefa nægjanlegt svigrúm til að beita þessu mikilvæga hagstjórnartæki við þessar aðstæður.

Hugsanlegt er að það þurfi að mati samtakanna að rýmka það svigrúm frekar, sérstaklega ef veirufaraldurinn dregst á langinn og efnahagslegar afleiðingar hans verða umfangsmeiri fyrir íslenskan efnahag en nú er reiknað með í forsendum fjárlaga 2021 og fjármálaáætlun fyrir árin 2021-2025. Í slíkum breytingum þarf þó að hafa í huga annað grunngildi opinberra fjármála, sem er sjálfbærni. Tryggja þarf að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.

Virðingarfyllst,

Ingólfur Bender

Ingólfur Bender,
aðalhagfræðingur SI

Sigurður Hannesson

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI